

**Nr. 103 / 16 Sturla GK 12****Skipverji slasast á línuveiðum**

Skipaskr.nr. 1272  
Útgerð: Þorbjörn ehf  
Smíðaður: Noregi 1967, stál  
Útgerð: Þorbjörn hf  
Stærð: 486,5 brl. 671,5 bt.  
Mesta lengd: 52,6 m Skráð lengd: 49,58 m  
Breidd: 8,53 m Dýpt: 6,8 m  
Vél: MaK 742kW, 1967  
Fjöldi skipverja: 15



Sturla©Guðmundur St Valdimarsson

**Gögn:**

Gögn RNSA

Tilkynning frá skipstjóra

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. maí 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 15. ágúst 2016 var Sturla GK 12 á línuveiðum í Skerjadýpi. Veður: SA 12 m/s.

Skipverjar voru að leggja línu og var einn þeirra að raða beitu í beitningarvél. Færi fyrir milliból var slakað niður til hans af efra þilfari en þegar hann var að teygja sig í það yfir krókanna sem voru að renna út lenti einn þeirra á kaf í vinstri handlegg hans.

Ekki tókst að ná króknum úr slasaða þannig að siglt var með hann til Grindavíkur.

**Við rannsókn kom fram:**

- að skipverjinn var í sinni fyrstu ferð á skipinu;
- að hann hafði fengið kennslu um starfið við beitningarvélin;
- að hann fór of langt niður með hendina þegar hann teygði sig eftir færinu og öngullinn náði að krækja í hendina.

**Nefndarálit:**

Orsök slyssins má rekja til reynsluleysis slasaða og óvarkárni.